



FÍT 2021 – Grafísk hönnun á Íslandi

Upplýsingar um skráningar á innsendingum

Taktu þátt í tuttugustu FÍT verðlaununum

Þá er árið 2020 liðið undir lok og næsta skref að taka saman innsendingar í FÍT keppnina. Keppnin okkar heldur áfram að þróast eins og fyrri ár, með það að markmiði að styrkja hana og stækka. Þessu skjali er ætlað að útskýra innsendingaferlið og svara sem flestum spurningum sem kunna að vakna í tengslum við það.

Í ár verður sama fyrirkomulag varðandi innsendingar og í fyrra en FÍT gefur út stöðluð sniðmát sem skal nota og annast prentun þar sem við á. Þetta er gert til að jafna vægi innsendinga og auðvelda með því dómarafarli og skapa hagræði fyrir þátttakendur.

Við ítrekum svo mikilvægi þess að fylgja skilareglum og skilalýsingum með öllum verkum. Ef skilareglur eru brotnar þá áskilur stjórn FÍT sér þann rétt að ógilda innsendingu eða breyta þannig að hún verði gjaldgeng fyrir dómnefnd, t.d. ef innsending er stærri eða lengri en reglur segja til um.

Til að skila inn innsendingunni skal skrá verkefnið á vefsíðu FÍT og senda viðeigandi skjöl með Wetransfer á almennt@teiknarar.is. Mikilvægt er að merkja skjölin með númeri innsendingar. Öll verk sem voru útgefin á árinu 2020 eru gjaldgeng í FÍT 2021 keppnina.

Eina skilyrði innsendra verka er að þau hafi verið útgefin, það er að þau séu raunveruleg verkefni fyrir kúnna en ekki svokölluð „draugaverkefni“ gerð eingöngu fyrir keppnina.

Allar nánari upplýsingar um skil í keppnina er að finna í textum í þessu skjali en við hvetjum alla til að taka þátt og vanda innsendingar eins og kostur er.

Verðlaunaafhending verður haldin 18. maí og vonumst við til að geta haldið veglega hátíð þar sem fögnum verðlaunuðum og viðurkenndum verkum. Staðsetning og nákvæmari útfærsla verður auglýst síðar. Í framhaldi verður verðlaunasýning FÍT opnuð á HönnunarMars.

Við hvetjum þig til að renna í gegnum skjalið áður en þú hefst handa.

Kveðja,
Stjórn FÍT

Mundu!

14. janúar — Opnað fyrir innsendingar
8. febrúar — Lokað fyrir innsendingar

keppni.teiknarar.is

Mikilvægar dagsetningar

Mikilvægustu dagsetningarnar fyrir FÍT keppnina eru skil í keppnina. Eftir að skil hafa átt sér stað mun dómnefnd vera kölluð saman og fær hún það mikilvæga verk að finna bestu hönnunina á meðal innsendra verka.

Ekki er tekið á móti innsendingum í keppnina eftir 8. febrúar.

14. janúar (fimmtudagur)
Opnað fyrir innsendingar

8. febrúar (mánudagur)
Lokað fyrir innsendingar

Skráningargjald

Að þessu sinni verður einungis einn skráningarfrestur. Verðin miðast öll við eina innsendingu/skráningu.

Við viljum einnig benda sérstaklega á að til þess að lægra innsendingarverð fyrir FÍT féлага gildi fyrir innsendinguna þurfa allir hönnuðir sem skráðir eru sem slíkir fyrir verkinu að vera félagsmenn FÍT.

Innsendingar eru ekki gildar nema félagar hafi greitt félags- og innsendingargjöld.

Mörkun fyrirtækja, menningar- og viðburðamörkun, bókahönnun og auglýsingaherferð

25.000 kr.

10.000 kr. (fyrir meðlimi FÍT)

Aðrir flokkar

20.000 kr.

8.000 kr. (fyrir meðlimi FÍT)

Ókeypis er fyrir nemendur að senda inn í flokkinn nemendaverk

Athugið að setja skráningarnúmer innsendingarinnar í skýringu á millifærslunni, eða senda kvittun á almennt@teiknarar.is, með lista yfir tilheyrandi skráningarnúmer.

Skráningargjald skal greitt inn á reikning FÍT:

kt. 530169–5379

0111–26–505369

Ábyrgð og skil á verkum

Sá sem skráir inn innsendingar á skráningarvef keppinnar ber fulla ábyrgð á að þær upplýsingar sem eru gefnar upp séu réttar og að allir þeir hönnuðir sem komu að verkinu séu réttilega nefndir.

Mikilvægt er að innsendingarskjöl séu rétt sett upp eftir flokkum. Ef síðufjöldi fer yfir leyfilegt hámark skal síðum fækkað aftan af skjalinu.

Þær upplýsingar sem eru gefnar þar upp verða notaðar í kynningarefni fyrir keppnina ef verkið vinnur til verðlauna eða viðurkenningar.

FÍT ber ekki ábyrgð á verkum sem er skilað inn í keppnina en leggur kapp sitt við að ganga vel um alla gripi sem berast.

Að dómgæslu lokinni verður fólk beðið um að sækja innsend verk, eftir 1. júní 2021 áskilur FÍT sér rétt á að farga öllum innsendum verkum.

Upplýsingar um skil

Hér á eftir koma upplýsingar um skil á verkum í keppnina. Nákvæmlega hvernig skila skal í flokkana getur verið misjafnt, svo vinsamlegast lesið vel leiðbeiningar við þá flokka sem sent er í.

Ef ástæða þykir er í boði að skila verkum inn til skoðunar (ekki rafrænt) óháð þeim flokki sem verkið tilheyrir. Þau verk sem þarf að skila til skoðunar skal afhenda til Miðstöð hönnunar og arkitektúrs.

Ef upp koma vandræði á skilum er hægt að fá aðstoð í gegnum netfangið almennt@teiknarar.is

keppni.teiknarar.is

Innsend verk (bók, bókarkápa, umbúðir eða pakkningar) skulu merkt vandlega með skráningarnúmeri sem fæst við staðfestingu á skráningarvef keppninnar.

Hér er átt við að setja þarf skráningarnúmerið á hlutinn sem er skilað inn, t.d. með litlum límmiða.

Skil á gögnum

Miðstöð hönnunar og arkitektúrs
Gróska, Bjargargata 1
102 Reykjavík

Skil á rafrænum gögnum

Til að skila inn innsendingunni skal skrá verkefnið á vefsíðu FÍT og senda viðeigandi skjöl með Wettransfer á almennt@teiknarar.is. Mikilvægt er að merkja skjölin með númeri innsendingar.

Flokkar

Auglýsingar

Auglýsingaherferðir
Stakar auglýsingar fyrir prentmiðla
Umhverfisgrafík

Myndlýsingar

Myndlýsingar fyrir auglýsingar og herferðir
Myndlýsingaröð
Stakar myndlýsingar

Mörkun

Firmamerki
Mörkun fyrirtækja
Menningar- og viðburðamörkun

Nemendaflokkur

Prent

Bókahönnun
Bókakápur
Geisladiskar og plötur
Opinn flokkur
Umbúðir og pakkningar
Upplýsingahönnun
Veggspjöld

Skjáir

Gagnvirk miðlun
Hreyfigrafík
Opinn stafrænn flokkur
Vefsíður

Auglýsingaherferðir	Hér má skila heilum herferðum sem samanstanda af auglýsingum í mismunandi miðla.	Skil Sýnishorn af herferð uppsett í FÍT sniðmát (hámark 15 síður). Myndskeiðum skal skilað rafrænt í góðum gæðum á algengu skráarformi. Stærð hámark 50 mb. Vefsíður eða vefauglýsingar skulu settar á varanlega slóð á netinu og þeirri slóð skilað inn. Hámarks lengd myndbanda er 120 sekúndur.
Bókahönnun og bókakápur	Þessi flokkur tekur tillit til tveggja þátta (tveir undirflokkar) 1) Bækur er dæmdar í heild sinni, innihald og kápa. 2) Bækur eru eingöngu dæmdar eftir kápunni.	Skil Sýnishorn af verki uppsett í FÍT sniðmát (hámark 3 síður). Eintak af bókinni skilað inn. 1–3 myndir rafrænt (JPG, 300 dpi).
Firmamerki	Merkið er dæmt eitt og sér, eins og því er skilað. Skilað er inn einni útgáfu af merkinu, en hægt er að skila inn útgáfum með og án heiti fyrirtækis ef þess þarf.	Skil Merki uppsett í FÍT sniðmát (hámark 2 síður).
Gagnvirk miðlun	Auglýsingar eða hönnun sem felur í sér gagnvirkni og nýtir sér eða krefst þátttöku þess sem efnið nær til í gegnum gagnvirka miðla.	Skil Sýnishorn af verki uppsett í FÍT sniðmát (hámark 4 síður). 1–3 myndir rafrænt (JPG, 300 dpi).
Geisladiskar og plötur	Geisladiskar, vínýlplötur og aðrar umbúðir af tónlistarútgáfu.	Skil Sýnishorn af verki uppsett í FÍT sniðmát (hámark 4 síður). Eintak af geisladisk og plötu skilað inn. 1–3 myndir rafrænt (JPG, 300 dpi).
Hreyfigrafík	Sú grafík sem er gerð og látin hreyfast (e. animation). Ekki er skilyrði að allur hluti verksins sé grafík, hluti af verkinu má t.d. vera leikinn. Í þennan flokk má t.d. senda teiknimyndir, auglýsingar, „opnunarkredit“ og fleira.	Skil Sýnishorn af verki uppsett í FÍT sniðmát (hámark 4 síður). 1–3 myndir rafrænt (JPG, 300 dpi).
Menningar- og viðburðamörkun	Heildarmörkun og/eða ímyndarsköpun fyrir menningu, listir eða tímabundna viðburði. Hér er allt efni skoðað sem heild og hversu vel hefur tekist til við mörkunina. Sem hluta af heildarmörkun getur talist merki, bréfaögn, bæklingar, plaköt, auglýsingar, umhverfismerkingar og í raun allt annað sem hefur verið útbúið.	Skil Sýnishorn uppsett í FÍT sniðmát (hámark 10 síður). Myndskeiðum skal skilað rafrænt í góðum gæðum á algengu skráarformi. Stærð hámark 50 mb. Vefsíður eða vefauglýsingar skulu settar á varanlega slóð á netinu og þeirri slóð skilað inn. Hámarks lengd myndbanda er 120 sekúndur.

Myndlýsingaröð

Myndlýsingar sem hugsaðar eru eða settar fram sem sería eða heild. Hér má nefna myndlýsingar fyrir bækur eða tímarit, myndasögur, myndbönd, hvers kyns varning svo eitthvað sé nefnt.

Ekki er þó leyfilegt að senda inn myndlýsingaröð sem er gerð fyrir auglýsingar eða herferðir.

Skil
Sýnishorn af verki uppsett í FÍT sniðmát (hámark 4 síður).

1–3 myndir rafrænt (JPG, 300 dpi).

Myndlýsingar fyrir auglýsingar og herferðir

Myndlýsingar sem hafa verið gerðar sérstaklega fyrir auglýsingar og herferðir.

Skil
Sýnishorn af verki uppsett í FÍT sniðmát (hámark 4 síður).

1–3 myndum rafrænt (JPG, 300 dpi)

Mörkun fyrirtækja

Heildarmörkun fyrir fyrirtæki eða samtök. Hér er allt efni skoðað sem heild og hversu vel hefur tekist til að marka fyrirtækið.

Sem hluta af heildarmörkun getur talist merki, bréfastögn, bæklingar, plaköt, auglýsingar, umhverfismerkingar og í raun allt annað sem hefur verið útbúið.

Skil
Sýnishorn uppsett í FÍT sniðmát (hámark 15 síður).

Myndskeiðum skal skilað rafrænt í góðum gæðum á algengu skráarformi. Stærð hámark 50 mb. Vefsíður eða vefauglýsingar skulu settar á varanlega slóð á netinu og þeirri slóð skilað inn.

Hámarks lengd myndbanda er 120 sekúndur.

Opinn flokkur

Í þennan flokk má senda þau verk sem ekki þykja passa undir aðra tilgreinda flokka.

Opinn flokkur hvað varðar tegund á efni svo framarlega sem verk er ekki stafrænt.

Skil
Sýnishorn uppsett í FÍT sniðmát (hámark 4 síður).

1–3 myndir rafrænt (JPG, 300 dpi).

Opinn stafrænn flokkur

Í þennan flokk má senda þau verk sem ekki þykja passa undir aðra tilgreinda flokka.

Opinn flokkur hvað varðar tegund á efni svo framarlega sem verk er stafrænt að einhverju leyti.

Skil
Sýnishorn af verki uppsett í FÍT sniðmát (hámark 4 síður).

1–3 myndir rafrænt (JPG, 300 dpi).

Stakar auglýsingar fyrir prentmiðla

Stakar auglýsingar, sem eru ekki hluti af seríu annarra auglýsinga. (Einnig má skila inn auglýsingum sem voru hannaðar sem hluti af herferð, en í þessum flokki eru auglýsingarnar dæmdar stakar en ekki sem hluti af heild.)

Skil
Auglýsingin, uppsett í FÍT sniðmát (hámark 4 síður).

1–3 myndir rafrænt (JPG, 300 dpi).

Stakar myndlýsingar

Allar almennar, stakar myndlýsingar, óháð miðli eða notkun.

Skil
Sýnishorn af myndskreytingunum, uppsett í FÍT sniðmát (hámark 4 síður).

1–3 myndir rafrænt (JPG, 300 dpi).

Umbúðir og pakkningar

Allar umbúðir utan af hvers kyns vörum.

Skil
Sýnishorn af verki uppsett í FÍT sniðmát (hámark 4 síður).
Eintak af umbúðum og pakkningum skilað inn

1–3 myndir rafrænt (JPG, 300 dpi).

Umhverfisgrafík

Öll grafík sem er stærri en A0, yfirleitt utandyra (þó ekki skilyrði).

Hér má sem dæmi nefna stærri auglýsingar eins og flettiskilti, merkingar, farartækjamerkingar og fleira.

Skil
Sýnishorn af verki uppsett í FÍT sniðmát (hámark fjórar síður).

1–3 myndir rafrænt (JPG, 300 dpi).

Upplýsingahönnun

Öll hönnun sem er sérstaklega gerð til að koma ákveðnum upplýsingum á framfæri hvort sem er fyrir prentaða miðla eða skjámiðla.

Hér má nefna sem dæmi kort, leiðarvísa, leiðbeiningar og fleira.

Skil
Sýnishorn af verki uppsett í FÍT sniðmát (hámark 4 síður).

1–3 myndir rafrænt (JPG, 300 dpi).

Vefsíður

Vefsíður. Sérstaklega er horft á útlit, en einnig tekið tillit til hversu notendavæn hún er.

Skil
Sýnishorn af vef uppsett í FÍT sniðmát (hámark 4 síður).
Vefsíður skulu settar á varanlega slóð á netinu og þeirri slóð skilað inn.
1–3 myndir rafrænt (JPG, 300 dpi).

Veggspjöld

Veggspjaldið er dæmt í heild sinni, meðal annars út frá mynd- og letturnotkun.

Ef um fleira en eitt veggspjald er að ræða í seríu, má skila þeim öllum inn sem einni heild. En þó aldrei meira en 3 eintök í seríu.

Skil
Sýnishorn af verki uppsett í FÍT sniðmát (hámark 4 síður).
Valkvætt er að skila inn eintaki af veggspjaldi.

Nemendaflokkur

Skilyrði eru að hönnuður sé nemandi (eða hafi verið nemandi þegar verkið var unnið).

Ekki er krafa að verkið hafi verið skólaverkefni.

Skil
Sýnishorn uppsett í FÍT sniðmát (hámark 6 síður).

1–3 myndir rafrænt (JPG, 300 dpi).